

Hvers vegna viðhaldsstjórnunarkerfi?



Fyrirtæki fjárfesta gríðarlegum fjárhæðum í tækjum sem þarf að viðhalda reglulega alveg eins og þú þarft að sinna viðhaldi á bifreið þinni 3. hvern mánuð eða eftir 10.000 km.

Flest fólk á bifreið og veit að það þarf að skipta um olíu samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Annað hvort skiptir það sjálft um olíu eða fer með bifreiðina á smurstöð.

Þetta er eitthvað sem það getur auðveldlega munað eftir eða þá að setur er límmiði á rúðuna sem minnir á þetta. Flest fólk þarf ekki hugbúnað til þess að minna sig á þetta.

Skoðum hins vegar fyrirtæki þar sem viðhaldsdeildir þurfa að viðhalda ekki bara einu tæki (t.d. bifreið) heldur hundruðum tækja. Að auki eru öll þessi tæki ekki af sömu gerð heldur ólík. Þrátt fyrir að þessi tæki væru öll af sömu gerð er hvert tæki samt með sín séreinkenni og rekstur þeirra ólíkur.

Ekki aðeins þurfa viðhaldsdeildirnar að viðhalda þessum tækjum reglulega heldur þurfa þær að:

- Að vita hvaða varahluti þarf að nota
- Að hafa þessa varahluti á lager og aðgengilega
- Að vita hvar þessir varahlutir eru geymdir

- Að vita hvaða verk á að framkvæma
- Að hafa starfsmenn sem eru þjálfaðir og/eða löggiltir til þess að framkvæma þessi verk
- Hafa starfsmenn aðgengilega til framkvæma verkefni.

Framangreint er aðeins toppurinn á ísjakanum þegar kemur að viðhaldi eigna (tækja). **Hvað með öll neyðartilvik og aðrar verkbeiðnir svo sem bilanir, tjón og endurbætur sem þarf að framkvæma?** Listinn af verkum sem þarf að leysa stækkar og stækkar þannig að það er ómögulegt með skilvirkum hætti að viðhalda eignum án þess að nota viðhaldsstjórnunarkerfi.

Það vekur þess vegna undrun að margar viðhaldsdeildir eru láttnar annars vegar viðhalda mörgum og flóknum eignum og hins vegar gefa skýrslur um viðhaldið **án þess** að vera með til þess nauðsynleg eftirlits- og stjórnunartæki (viðhaldsstjórnunarkerfi).

Án þess að nota viðhaldsstjórnunarkerfi er einfaldlega verið að sóa tíma og fjármunum, birgðahald varahluta er óhagkvæmt, rekstrarstöðvanir geta gerst hvenær sem er og tíminn fer að mestu í lagfæringar eftir að bilanir hafa átt sér stað en ekki fyrirbyggjandi viðhald.

Niðurstaðan er sú að viðhaldsstjórnunarkerfi er forsenda þess að takast á við með skilvirkum hætti þau vandamál sem óskilvirkt viðhald leiðir til, þ.e. of mikils kostnaðar, skorts á varahlutum, rekstrarstöðvanir, óánægju viðskiptavina o.fl.

www.maintx.is